

Nr. 008 / 13 Anna SH 13***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1852
Smíðaður: Englandi 1987, plast
Stærð: brl. 14,07 bt.
Mesta lengd: 11,27 m Skráð lengd: 10,524 m
Breidd: 4,1 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Mitsubishi 213 kW 1987
Fjöldi skipverja: 3



Anna©RNS

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. febrúar 2013 var Anna SH 13 að draga síldarnet á Urthvalafirði. Veður: A 8 m/sek.

Búið var að draga eitt net niður í lestina þegar einn skipverjinn sem stóð við lestarkarminn féll fram fyrir sig og lenti með síðuna á honum.

Slasaði varð óvinnufær en hinir luku netadrættinum. Við komu til hafnar leitaði slasaði læknis og reyndist hann rifbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn slasaða olli hreistur og grútur úr síldinni hálfu á þilfarinu sem að öllu jöfnu er ekki hált. Það sé venja að spúla þilfarið eftir hvern trossudrátt (venjulega eru tvö til þrjú net í trossu). Hann sagðist hafa verið að draga annan netateininn af vindunni niður í lestina og hafi einhver „kippur“ komið í teininn svo hann kipptist fram og féll án þess að geta borið hendur fyrir sig. Slasaði sagðist hafa verið í stígvélum sem væru alls ekki hál;
- að slasaði taldi að þilfarið hafi verið hálfuvarið með einhvers konar sandmálningu en við skoðun á þilfarinu reyndist það málað með matti málningu en ekki sérstaklega hálfuvarið;
- að vitni sem sá slysið bar að skálkutessi (hjámíðjasmella) á lúgukarminum hafi staðið uppréttur og slasaði fallið á hann.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.